

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald á Hólum í Hjaltadal.

I. Hundahald.

1. gr.

Til að fyrirbyggja sem best hugsanlegt smit frá hundum á búpening Bændaskólans á Hólum er hundahald óheimilt á Hólum í Hjaltadal með þeim takmörkunum sem um getur í samþykkt þessari. Svæðið sem um er að ræða afmarkast af skógræktargirðingu og beitarhólfi meðfram Víðnesá, beitarhólfum, túnum sem tilheyra Hólum að Hofi sem og svæðinu umhverfis Hólalax að brúnni yfir Hjaltadalsá og að girðingu fyrir sunnan Hólalax. Gestkomandi fólki á Hólum er heimilt að hafa með sér hund enda hlíti þeir öllum ákvæðum samþykktar þessarar og dvelji eigi lengur með hund á staðnum en vikutíma án leyfis.

2. gr.

Sveitarstjórn Hólahrepps er heimilt að veita lögráða íbúum á Hólum (18 ára og eldri) undanþágu frá banni til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b) Með umsókn um leyfi fyrir að halda hund skal fylgja skriflegt samþykki íbúðareiganda eða löglegs umboðsmanns hans. Leyfi er auk þess háð skriflegu samþykki annarra íbúa úr öllum íbúðum í viðkomandi húsi, ef um er að ræða fjölbýlis-, tvíbýlis- eða raðhús.
- c) Leyfisgjald er ákveðið af sveitarstjórn Hólahrepps og er staðfest af umhverfisráðherra í sérstakri gjaldskrá sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda hvað hundahaldsgjald varðar og skal greitt til sveitarsjóðs Hólahrepps. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir fjárhunda, björgunarhunda og leiðsöguhunda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram fyrir 1. maí ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- d) Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við veitingu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer. Hundeiganda er skylt að tilkynna ef hundur drepst eða flýst í burtu.

- f) Umráðamaður skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna eða búfénaður. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss á Hólum í fylgd aðila sem hefur fullt vald á honum.
Hundeiganda eða umráðamanni er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn, jafnóðum og hann fellur til.
Undantekningar frá því að hafa hunda í taumi á Hólum hafa einungis eigendur eða umráðamenn minkahunda, smalahunda og björgunarhunda þegar þeir eru að störfum með hunda sína. Sveitarstjórn getur í samráði við landeiganda afmarkað útvistarsvæði þar sem hundeigendum er frjálst að sleppa hundum sínum lausum, en þó undir eftirliti.
- g) Eigi má fara með hunda inn á leikvelli og önnur leiksvæði barna, gripahús eða aðra þá staði sem um ræðir í III. - V. og VII. - XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
1. Vatnsveitur, vatnsból og vermdarsvæði þeirra.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslur og förgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir og dagvistunarheimili barna.
 8. Íþrótt- og baðstaðir.
 9. Samkomuhús.
 10. Kirkjugarðar og kirkja.
- h) Ákvæði staflíðs g) gildir ekki fyrir hunda við björgunarstörf né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.
- i) Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur á staðnum en einn mánuð án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda til sveitarstjórnar Hólahrepps sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá því það var veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiri háttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal hundeigandi þá þegar afhenda hann eftirlitsmanni hreppsins til ráðstöfunar eða losa sig við hundinn með öðrum hætti.

Sveitarstjórn Hólahrepps getur afturkallað öll leyfi til hundahalds á Hólum telji hún þess þörf af heilbrigðisástæðum eða öðrum brýnum ástæðum.

5. gr.

Sveitarstjórn Hólahrepps er heimilt að ráða starfsmenn til að annast eftirlit með hundahaldi á Hólustað.

6. gr.

Hunda sem ganga eftirlitslausir á Hólum skal handsama og taka úr umferð. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bita skal fjarlægja og heimilt er að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef þeirra er vitjað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en afhending fer fram. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

II. Kattahald.

7. gr.

Kattahald er óheimilt á Hólum, sbr. svæðið sem kveðið er á um í 1. gr.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita tímabundna undanþágu til að hafa kött til að halda niðri músangangi, en þó skal þess gætt að hann valdi ekki truflunum á fuglalífi á staðnum.

III. Þvingunarúrræði og gildistaka.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hólahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

IV. Umpóttunartími.

Þeir íbúar Hólastaðar sem hafa ketti 1. maí 1995 geta sótt um leyfi til að hafa viðkomandi ketti meðan þeir lifa. Sækja verður um leyfi fyrir hunda sem eru á staðnum innan þriggja mánaða frá birtingu samþykktar þessarar.

Umhverfisstjórnuneytið, 4. maí 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um
Evrópska efnahagssvæðið vegna samsettra flutninga.**

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í I. kafla um flutninga á landi í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII-viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans: